



Forsætisnefnd

Reykjavík, 4. október 2024
MSS24040172

Reglur um Borgaraþing – niðurstöður samráðs

Á fundi forsætisnefndar þann 3. maí 2024 var samþykkt að vísa drögum að reglum um Borgaraþing í samráðsferli í samráðsgátt Reykjavíkurborgar. Um er að ræða aðgerð nr. 5 í aðgerðaráætlun með lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030.

Samráðsferli í samráðsgátt Reykjavíkurborgar hófst þann 13. maí og lauk þann 11.júní 2024. Engin umsögn barst. Einnig var óskað umsagna hagaðila með bréfi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 21. maí sl. Bárust tvær umsagnir frá hagaðilum.

Á fundi stýrihóps um mótun tillagna vegna aðgerða í lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar, þann 18. september sl. var lögð fram samantekt umsagna.

Meðfylgjandi eru drög að reglum um Borgaraþing m.t.t. umsagna. Meginbreytingin felst í því að skipaður verði starfshópur sem fer með framkvæmd Borgaraþings hverju sinni.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd samþykki reglur um Borgaraþing með breytingum.

Virðingarfyllt,
Anna Kristinsdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:
Reglur um Borgaraþing með breytingum
Samantekt umsagna ásamt fylgiskj.

Reglur um Borgaraþing Reykjavíkur

Skilgreining

1. gr.

Borgaraþing Reykjavíkur er formlegur vettvangur borgarbúa og borgarstjórnar til að eiga samtali um málefni Reykjavíkurborgar. Markmiðið er að auka möguleika þátttakenda á að hafa áhrif á stefnumótun og stjórn borgarinnar og gefur íbúum tækifæri til beinni tengsla við kjörna fulltrúa með samtali um það sem skiptir þá máli hverju sinni.

Dagskrá

2. gr.

Borgarstjórn tekur að jafnaði árlega¹ ákvörðun um að halda borgaraþing með íbúum sveitarfélagsins um afmörkuð málefni eða verkefni Reykjavíkurborgar að fenginni tillögu stafræns ráðs um viðfangsefni. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa leitar eftir ábendingum um efni á dagskrá hjá íbúum, borgarfulltrúum, fagráðum, íbúaráðum og öðrum þeim sem láta sig málefnið varða og gerir tillögu að umfjöllunarefni borgaraþings til stafræns ráðs. Heimilt er að gera ráð fyrir fleiri málum á dagskrá þingsins en gæta skal að því að unnt verði að taka alla liði til umfjöllunar á áætluðum fundartíma.

Ábyrgð og framkvæmd

3. gr.

Ábyrgð og framkvæmd borgaraþinga er hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar sem hefur náð samráð við stafrænt ráð, skrifstofu borgarstjórnar og viðkomandi fagsvið². [Skipaður er starfshópur sem fer með framkvæmd borgaraþings hverju sinni. Starfshópurinn skipa þrjú fulltrúar; einn fulltrúi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sem jafnframt er formaður hópsins, einn fulltrúi viðkomandi fagsviðs og einn fulltrúi skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara.](#)

Boðun

4. gr.

Forseti borgarstjórnar boðar til borgaraþings í framhaldi af samþykkt borgarstjórnar, sbr. 2. gr. reglna þessara. Íbúar skulu boðaðir til borgaraþings með auglýsingu á miðlum Reykjavíkurborgar, með sérstökum kynningum á fundum íbúaráða og fagráða Reykjavíkurborgar sem og auglýsingum á öðrum viðeigandi miðlum með að lágmarki fjögurra vikna fyrirvara.

Áhugasömum þátttakendum verður gefinn kostur á að skrá sig fyrir tilskilinn frest. Leitast skal við að senda hagaðilum sérstaka hvatningu um að taka þátt þar sem athygli þeirra er vakin á þinginu.

Könnun

5. gr.

Í aðdraganda borgaraþings getur stafrænt ráð ákveðið að láta gera könnun meðal borgarbúa á viðhorfum til viðfangsefnis þingsins. Niðurstöður könnunarinnar skal kynna á þinginu.

Fyrirkomulag

6. gr.

Fyrirkomulag borgaraþings, sem getur verið breytilegt og háð viðfangsefni hvers þings, skal kynna í auglýsingu. Áhersla er þó lögð á að borgaraþing hefur á sér annan blæ en hefðbundnir

¹ Ekki skal boða til borgaraþings í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga eða frá 1. febrúar sama ár fram að kosningum.

² Það fagsvið sem fer með það/þau mál- sem til umræðu verður á þinginu.

Íbúafundur, en á borgarþingi er megintilgangurinn að fá fram umræðu og kalla eftir viðhorfum. Borgarþing tekur ekki bindandi ákvarðanir.

Tryggja skal jafnt aðgengi fyrir alla þátttakendur á þinginu eftir því sem unnt er. Kynningar og annað efni borgarþinganna verður gert aðgengilegt eins og kostur er.

Fundarstjórn borgarþings skal vera í höndum aðila sem hvorki er starfsmaður Reykjavíkurborgar né kjörinn fulltrúi.

Afrakstur borgarþings

7. gr.

Öll gögn sem liggja fyrir borgarþinginu, kynningarefni, ~~Samantektir~~ og annað efni skulu vera aðgengilegt að loknu þingi á vef Reykjavíkurborgar.

Afrakstur borgarþings skal skráður og gefinn út í formi samantektar að loknu þingi.

Starfshópur gerir tillögur að málsmeðferð þeirra tillagna sem fram koma á borgarþingi.

Samantektin ~~na~~ ásamt tillögum starfshóps skal leggja fram á fundi stafræns ráðs, borgarráðs, viðkomandi fagráðs og eftir atvikum á fundi borgarstjórnar.

Samþykkt í X dags. X.X.

Samantekt umsagna um Borgaraþing

Eftirfarandi tvær umsagnir bárust um tillöguna:

Samráðsgátt Reykjavíkurborgar 13. maí – 11. júní 2024:

Engin umsögn.

Bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu til hagaðila 21. maí 2024:

Umsögn skóla- og frístundasviðs dags. 4. júní 2024:

Skóla- og frístundasvið fagnar þeim reglum sem nú liggja fyrir um Borgaraþing Reykjavíkur. Borgaraþing eru mikilvægur þáttur í því að uppfylla Lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030. Jákvætt er að tilgreint er í reglunum að áhersla á borgaraþingum sé að fá fram umræðu og kalla eftir viðhorfum íbúa og að tryggja skuli jafnt aðgengi fyrir alla þátttakendur að borgaraþingum. Mikilvægt er að fá reynslu af reglunum og framkvæmd borgaraþinga og endurskoða reglurnar ef ástæða er til.

Umsögn þjónustu- og nýsköpunarsviðs dags. 31. maí 2024:

Borgaraþing Reykjavíkur er ein þeirra aðgerða sem var valin til að styðja við framgang lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar. Þjónustu- og nýsköpunarsvið telur áform um að koma á fót Borgaraþingi Reykjavíkur falla vel að verkefnum og stefnu stafræns ráðs, sem þjónustu- og nýsköpunarsvið og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar sjá um að framkvæma. Á grundvelli 3. gr. samþykktar fyrir stafrænt ráð Reykjavíkurborgar fer stafrænt ráð meðal annars með það verkefni að auka gagnsæi í stjórnýslu og stuðla að eflingu lýðræðisþátttöku íbúa, en markmið Borgaraþings Reykjavíkur er einmitt að auka möguleika íbúa á að hafa áhrif á stefnumótun og stjórn borgarinnar sem og að gefa tækifæri til beinni tengsla við kjörna fulltrúa.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið gerir ekki efnislegar athugasemdir við regludrögin.

Virðingafyllst,
Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir
sérfræðingur í lýðræðismálum
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt:

Umsögn skóla- og frístundasviðs dags. 4. júní 2024

Umsögn þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 21. maí



Reykjavík, 4. júní 2024

MSS24040172

UMSÖGN

Viðtakandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Umsögn skóla- og frístundasviðs um drög að reglum um Borgaraping

Vísað er til bréfs mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 21. maí 2024, þar sem drögum að reglum um Borgaraping Reykjavíkur er vísað í samráðsferli sbr. ákvörðun forsætisnefndar frá 3. maí 2024.

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki eftirfarandi umsögn um reglur um Borgaraping Reykjavíkur:

Skóla- og frístundasvið fagnar þeim reglum sem nú liggja fyrir um Borgaraping Reykjavíkur. Borgaraping eru mikilvægur þáttur í því að uppfylla Lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030. Jákvætt er að tilgreint er í reglunum að áhersla á borgarapingum sé að fá fram umræðu og kalla eftir viðhorfum íbúa og að tryggja skuli jafnt aðgengi fyrir alla þátttakendur að borgarapingum. Mikilvægt er að fá reynslu af reglunum og framkvæmd borgarapinga og endurskoða reglurnar ef ástæða er til.



Reykjavík



Reykjavík, 31. maí 2024

PON24010023

UMSÖGN

Viðtakandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Sendandi: Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Umsögn þjónustu- og nýsköpunarsviðs um drög að reglum um Borgarþing Reykjavíkur

Borgarþing Reykjavíkur er ein þeirra aðgerða sem var valin til að styðja við framgang lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar. Þjónustu- og nýsköpunarsvið telur áform um að koma á fót Borgarþingi Reykjavíkur falla vel að verkefnum og stefnu stafræns ráðs, sem þjónustu- og nýsköpunarsvið og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar sjá um að framkvæma. Á grundvelli 3. gr. samþykktar fyrir stafrænt ráð Reykjavíkurborgar fer stafrænt ráð meðal annars með það verkefni að auka gagnsæi í stjórnsýslu og stuðla að eflingu lýðræðisþátttöku íbúa, en markmið Borgarþings Reykjavíkur er einmitt að auka möguleika íbúa á að hafa áhrif á stefnumótun og stjórn borgarinnar sem og gefa tækifæri til beinni tengsla við kjörna fulltrúa.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið gerir ekki efnislegar athugasemdir við regludrögin.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Reykjavík, 21. maí 2024
MSS24040172

Reglur um Borgaraþing á samráðsvef Reykjavíkurborgar- umsagnarbeiðni

Drög að reglum um Borgaraþing eru nú aðgengilegar til umsagnar í samráðsgátt Reykjavíkurborgar <https://www.samradsvefur.is/mal/8>

Í samræmi við aðgerðaráætlun Lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar hafa verið mótuð drög að reglum um Borgaraþing Reykjavíkurborgar og er þeim vísað í samráðsferli í samráðsgátt Reykjavíkurborgar í samræmi við ákvörðun forsætisnefndar frá 3. maí 2024.

Frestur til að skila inn umsögnum er til 31. maí 2024.

Virðingarfyllst,
Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt: Drög að reglum um Borgaraþing Reykjavíkur

Samrit:

Fagsvið og skrifstofur Reykjavíkurborgar

Fagráð Reykjavíkurborgar

Samráðsnefndir Reykjavíkurborgar; Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks, Fjölmeningarráð, Öldungaráð, Reykjavíkurráð ungmenna og Íbúaráð Reykjavíkurborgar.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Háskóla Íslands - Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála

Alda félag um sjálfbærni og lýðræði



Reykjavík

Reglur um Borgaraþing Reykjavíkur

Skilgreining

1. gr.

Borgaraþing Reykjavíkur er formlegur vettvangur borgarbúa og borgarstjórnar til að eiga samtál um málefni Reykjavíkurborgar. Markmiðið er að auka möguleika þátttakenda á að hafa áhrif á stefnumótun og stjórn borgarinnar og gefur íbúum tækifæri til beinni tengsla við kjörna fulltrúa með samtali um það sem skiptir þá máli hverju sinni.

Dagskrá

2. gr.

Borgarstjórn tekur að jafnaði árlega¹ ákvörðun um að halda borgaraþing með íbúum sveitarfélagsins um afmörkuð málefni eða verkefni Reykjavíkurborgar að fenginni tillögu stafræns ráðs um viðfangsefni. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa leitar eftir ábendingum um efni á dagskrá hjá íbúum, borgarfulltrúum, fagráðum, íbúaráðum og öðrum þeim sem láta sig málefnið varða og gerir tillögu að umfjöllunarefni borgaraþings til stafræns ráðs. Heimilt er að gera ráð fyrir fleiri málum á dagskrá þingsins en gæta skal að því að unnt verði að taka alla liði til umfjöllunar á áætluðum fundartíma.

Ábyrgð og framkvæmd

3. gr.

Ábyrgð og framkvæmd borgaraþinga er hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar sem hefur náð samráð við stafrænt ráð, skrifstofu borgarstjórnar og viðkomandi fagsvið.

Boðun

4. gr.

Forseti borgarstjórnar boðar til borgaraþings í framhaldi af samþykkt borgarstjórnar, sbr. 2. gr. reglna þessara. Íbúar skulu boðaðir til borgaraþings með auglýsingu á miðlum Reykjavíkurborgar, með sérstökum kynningum á fundum íbúaráða og fagráða Reykjavíkurborgar sem og auglýsingum á öðrum viðeigandi miðlum með að lágmarki fjögurra vikna fyrirvara.

Áhugasömum þátttakendum verður gefinn kostur á að skrá sig fyrir tilskilinn frest. Leitast skal við að senda hagaðilum sérstaka hvatningu um að taka þátt þar sem athygli þeirra er vakin á þinginu.

Könnun

5. gr.

Í aðdraganda borgaraþings getur stafrænt ráð ákveðið að láta gera könnun meðal borgarbúa á viðhorfum til viðfangsefnis þingsins. Niðurstöður könnunarinnar skal kynna á þinginu.

Fyrirkomulag

6. gr.

Fyrirkomulag borgaraþings, sem getur verið breytilegt og háð viðfangsefni hvers þings, skal kynna í auglýsingu. Áhersla er þó lögð á að borgaraþing hefur á sér annan blæ en hefðbundnir íbúafundir, en á borgaraþingi er megintilgangurinn að fá fram umræðu og kalla eftir viðhorfum. Borgaraþing tekur ekki bindandi ákvarðanir.

Tryggja skal jafnt aðgengi fyrir alla þátttakendur á þinginu eftir því sem unnt er. Kynningar og annað efni borgaraþinganna verður gert aðgengilegt eins og kostur er.

¹ Ekki skal boða til borgaraþings í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga eða frá 1.febrúar sama ár fram að kosningum.

Fundarstjórn borgarþings skal vera í höndum aðila sem hvorki er starfsmaður Reykjavíkurborgar né kjörinn fulltrúi.

Afrakstur borgarþings

7. gr.

Öll gögn sem liggja fyrir borgarþinginu, kynningarefni, samantektir og annað efni skulu vera aðgengileg að loknu þingi á vef Reykjavíkurborgar.

Afrakstur borgarþings skal skráður og gefinn út í formi samantektar að loknu þingi. Samantektina skal leggja fram á fundi stafræns ráðs, borgarráðs, viðkomandi fagraðs og eftir atvikum á fundi borgarstjórnar.

Samþykkt í stafrænu ráði/borgarráði dags. X.X.2024??

DRÖG